



Fundargerð

13. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 16. febrúar 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignaumsýslu. Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

* * *

1. Heiðarsel

Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðuna í Heiðarseli. Hann gerði grein fyrir niðurstöðum skoðunar og sýnatöku sem framkvæmd var í desember.

2. Gimli

Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðuna í Gimli. Hann gerði grein fyrir niðurstöðum skoðunar og sýnatöku sem framkvæmd var á haustmánuðum.

3. Loftræstikerfi

Farið var yfir samanburð á loftræstikerfum. Þarf að skoða betur og taka ákvörðun fljóttlega um hvaða leið skuli farin.

4. Holtaskóli

- Unglingadeildin fékk aðstöðu í Hljómahöll og flutti þangað í vikunni.
- Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í unglingsálmu hefjist næsta mánudag.

5. Myllubakkaskóli

- Byggingarnefnd samþykkir að taka tilboði Bortækni, sem áttu lægsta tilboð, í steypusögun og slípun í D-álmu.
- Gluggar eru í verðkönnum.
- Ákveðið að ráða byggingarstjóra fyrir Myllubakkaskóla og Holtaskóla. Kjartani Má Kjartanssyni falið að vinna áfram í málín.

6. Garðasel

Byggingarnefnd fór í skoðunarferð í Garðasel að loknum síðasta fundi. Málið er í skoðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:44.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 23. febrúar kl. 14:00.